Stjórn foreldrafélags Helgafellsskóla

Stjórnarfundur 23.jan 2023 kl. 20.00 - Fyrsti fundur nýrrar annar

Skóladagatal 2023-2024	**1**
Áramótastaða í fjármálum.	**1**
Frístundarúta frá Varmá 16.15	**2**
Lóðarmál - staða	**2**
Gangbrautarvarsla - staða	**2**
Árgangafulltrúa-mál	**2**
Bókasafn - staða á því	**2**
Vordagskrá	**2**
Mál tengd leikskóladeild	**3**
Hækkun á aldri sem fær frítt í strætó	**3**
Stjórn næsta vetur (23-24)	**3**
Samskipti stjórnar við foreldra	**3**
Ráðning stuðningsfulltrúa	**3**
Tjékklisti eftir fund	**4**

Mættir eru: Ólafur, Hólmfríður, Ingibjörg, Lea og Sunna - fundur settur 20.10
Gunnar mætti svo 20.15 - allir úr stjórn mættir.
Fyrri fundi frestað vegna veikinda/afboða á fyrri fund.

Skóladagatal 2023-2024

Hvenær koma skóladagatölin fyrir 2023-2024?
Þurfum að spyrja Rósu, enginn veit. Skóladagatal á að vera kynnt fyrir skólaráði, áður en það er birt.

Áramótastaða í fjármálum.

Góð staða, yfir 1 milljón. Fjárhagsyfirlit verður svo betur kynnt á aðalfundi.
Árgangafulltrúar sem nýttu sér ekki Halloween styrk.
Hvenær á að senda nýja greiðsluseðla? Mánaðarmót feb/mars.
Foreldrafélagið er ekki gróðrastarfsemi og þarf að nýta þessa upphæð í eitthvað sem gagnast börnunum.

Hugmynd að kaupa gjöf handa skólanum í lok árs, eða setja pening í lóðarmál, t.d. leiktæki.
Samþykkt að fella niður kröfur sem ekki voru greiddar í fyra.

Frístundarúta frá Varmá 16.15

Mun hún örugglega ganga áfram (tilraunaverkefni)?
Þurfum að hafa samband við bæinn. Fá að vita hvernig þetta hefur gengið og hver staðan á tilrauninni er.

Lóðarmál - staða

Þurfum að heyra í bæði Rósu og Gauja með það. Taka þennan punkt á fundi með Rósu.

Gangbrautarvarsla - staða

Eiginlega orðið of seint núna. Farið að birta.
Þurfum að skoða fyrir næsta ár hvernig hægt er að útfæra þetta. Þarf að ræða strax að hausti til. Ræða við Rósu hvort hægt sé að gera þetta með svipuðu fyrirkomulagi og Lágafellsskóli, að 10.bekkur fá greitt fyrir gangbrautarvörslu frá skólanum (td 3 á vakt). Fjáröflun fyrir útskriftarferð.

Árgangafulltrúa-mál

Foreldrarölt - muna að minna á - gott að setja inn lista yfir dagsetn. í árgangagrúppu
Minna á að hafa árganga-hittinga á önninni, minnsta kosti einn. Hver og einn árgangur fær styrk til að gera eitthvað saman. Eins fá þeir styrk til að gera eitthvað saman um páskana (sjá undir liðnum “Vordagskrá”).

Bókasafn - staða á því

Fá stöðu á því máli hjá Rósu. Ef einhver er með hugmynd að staðsetningu, fyrir þann fund, þá væri flott að fá hugmyndir.

Vordagskrá

- **Sveitaferð f. leikskóladeild:** Hólmfríður ábyrgðaraðili. Ólafur og Sunna finna uppl. frá fyrra ári. Eigum skráningarform frá fyrra ári. Hafa samband v. sveitabæ, fá dagsetningar og ákveða hvaða upphæð við setjum í þetta
- **Plokkdagur:** Sunna ábyrgðaraðili. Ákveða dagsetn. og hvernig þessu verður hagað.
- **Fyrirlestrar:**

Svefnfyrirlestur (Betri svefn) - Sunna fær tilboð
Foreldrahús - áfengis- og vímuefnamál - Hólmfríður fær tilboð frá þeim
Samfélagsmiðlar - ofbeldi á samfélagsmiðlum? Svipað og Bólið var með
https://www.facebook.com/fokkyoufokkme/ - ofbeldi á netinu - Gunnar ath?
https://samfok.is/foreldrafelog/abendingar-til-fyrirlesara

Sendum á grúppuna ef það koma fleiri hugmyndir
 - **Árgangaferðir:** ræða við Rósu. Hver er staðan? Þurfum að tala við árgangafulltrúa þegar við vitum hvaða ferðir á að fara í
- Páskar - stuðningur við árganga, 10þús kr á árgang. Árgangafulltrúar ákveða sjálfir hvort það verði keypt egg fyrir þeirra árgang eða eitthvað annað, t.d. eitthvað í páskabingó.

Mál tengd leikskóladeild

Hvað á að gera í þessari stöðu, þegar ákveðið hefur verið að bíða með byggingu á ungbarnaleikskóla? Þar sem leikskóladeildin er nú þegar að sprengja utan af sér, hjá okkur í hverfinu.
Eins myndum við vilja hver staðan er á starfsmannamálum. Reglulega að gerast að það sé mannekla. Beðið um að sækja, rétt eftir að foreldrar mæta með börnin. Á ekki að skiptast á að senda börn af mismunandi deildum (ekki alltaf sömu deildir) - færa starfsmenn á milli? Foreldrar sem eiga börn á fleiri en einni deild upplifa að það séu sumar deildir sem þurfi oftar að sækja af en á öðrum deildum.

Hækkun á aldri sem fær frítt í strætó

Ræddum í fyrra. Hefur SAMMOS eitthvað komist lengra með það mál?
Hófí og Gunnar nefna á næsta fundi með Sammos.

Stjórn næsta vetur (23-24)

Mönnun í félaginu, skipti í vor - gott að byrja að pæla í mönnun í stjórn. Ræða við Rósu hvort hún viti um gott fólk og eins auglýsa í foreldragrúppu.

Samskipti stjórnar við foreldra

Samskiptaleysi, aðgerðarleysi og framtaksleysi hjá starfsmönnum - einhverjir foreldrar sem upplifa þetta, allaveganna í yngri bekkjum/leikskóladeild. Þurfum að ræða við Rósu.

Stuðningur hættir þegar frístund byrjar - getur valdi kvíða hjá börnum.

Ráðning stuðningsfulltrúa

Um helgina kom upp umræða á samfélagsmiðlum, varðandi ráðningu á stuðningsfulltrúa hjá Helgafellsskóla, sem hefur verið sagt upp annars staðar vegna óviðeigandi hegðunar. Þurfum að fá fund með Rósu vegna þessa máls. Ólafur formaður biður um fund með Rósu sem fyrst.
Viljum vita hverjar eru forsendurnar fyrir því að maðurinn var ráðinn og hver viðbrögð skólans og bæjarins verða í kjölfar umræðunnar?
Hverjar eru verklagsreglur þegar verið er að ráða í stöður?
Foreldrar eru ítrekað að senda skilaboð á stjórn foreldrafélagsins (frá laugard-mánud) og mikil ólga á grúppum tengdum bænum og foreldrum almennt.

Næsti fundur 6.feb, eftir 2 vikur. Fundi slitið 21.04

Tjékklisti eftir fund

Ólafur - hafa samband við Rósu og biðja um fund með stjórn

Fundur með Rósu - ræða:
- Skóladagatal 23-24 og skólaráðsfundur - hvenær?
- Hver er staðan á lóðarmálum?
- Hver er staðan á bókasafnsmáli í skólanum?
- Árgangaferðir - hvaða ferðir á að fara í á þessari önn?
- Pláss á leikskóladeild - hvað á að gera í þeim málum, nú þegar beðið hefur verið með byggingu á nýjum leikskóla í hverfinu?
- Starfsmannaekla á leikskóladeild - ræða stöðu og hvert verklagsskipulagið er - er verið að fylgja því?
- Gott fólk í stjórn næsta vetur - er Rósa með meðmæli?
- Samskipti stjórnar/starfsmanna við foreldra. Eru að aukast vandamál og samskiptaleysi? Foreldrar alltaf upplifað samskiptaleysi - en foreldrar líka farnir að kvarta yfir aðgerðarleysi. Þurfum að ræða almennt.
- Ráðning nýs stuðningsfulltrúa. Viljum vita hverjar eru forsendurnar fyrir því að maðurinn var ráðinn og hver viðbrögð skólans og bæjarins verða í kjölfar umræðunnar? Hverjar eru verklagsreglur þegar verið er að ráða í stöður?

Hafa samband við Mosfellsbæ - Sunna:
- Fá að vita hvernig tilraunaverkefni með seinniparts-rútu hefur gengið og hvort halda eigi áfram að bjóða upp á hana.

SAMMOS - Gunnar og Hófí:
- Nefna á næsta fundi strætómál - var eitthvað skoðað að hækka aldur sem fær frítt?

Árgangafulltrúar - Lea:
- Setja inn dagskrá á foreldrarölti og minna á mikilvægi þess
- Minna á að hafa hittinga með árgöngum á þessari önn, amk einu sinni

Fyrirlestrar - hafa samband við fyrirlesara. Hjálpumst öll að.
Sveitaferð - Hófi hafa samband við sveitabæi
Plokkdagur - Sunna fara að skoða dagsetningu